

Af orðinu gjörvi

Afmælisbarnið og höfundur sátu saman fyrir löngu í Íslenskri málstöð í tæp tvö ár og settu saman aðra útgáfu *Tölvuorðasafns* með dyggri aðstoð Orðanefndar Skýrslutæknifélagsins. Í tilefni af því og afmæli Kristínar er við hæfi að ræða aðeins um tölvuorð.

Mig langar til þess að fjalla lítillega um orðið **gjörvi** sem er notað sem þýðing á enska orðinu *processor*. Þetta orð er haft um búnað sem túlkar og innir skipanir. Í gjörva eru að minnsta kosti stýriverk og reikni- og rökverk.¹

Orðið varð til á fundum orðanefndarinnar þegar fyrsta útgáfa *Tölvuorðasafnsins* var undirbúin, sennilega á árinu 1983. Það er myndað sem gerand-nafn af sögninni **gera**. Í pistli í tímaritinu *Tölvumál* í maí 1985 skrifaði ég m.a.: „Þessu orði var tyllt á blað á seinustu stundu líkt og þegar farangri er kastað í bát sem er að fara frá landi. En okkur orðanefndarmönnum til undrunar og ánægu er fólk farið að nota orðið **gjörvi**.“ Það má segja að orðinu hafi verið varpað fram í hálfgerðri örvæntingu og sett í bókina frekar en skila auðu. Í sömu útgáfu *Tölvuorðasafnsins* komst einnig á blað orðið **örgjörvi** sem þýðing á *microprocessor*. Örgjörvi er ‘gjörvi sem er á einni eða fáeinum kísilflögum’.² Einnig var gefið samheitið **dverggjörvi**. Á þeim tíma reyndi orðanefndin að nota forliðinn **dverg-** einnig sem þýðingu á *micro* en sú þýðing rataði ekki inn í aðra útgáfu *Tölvuorðasafnsins* frá 1986 né seinni útgáfur.

Mér finnst að Baldur Jónsson hafi átt hugmyndina að orðinu **gjörvi**. Á þeim tíma var sennilega eina uppsláttarritið sem við höfum haft til umræða fyrsta útgáfa *Íslenskerar orðabókar*. Þar er orðmyndin **gjöra** gefin sem „sjaldhöfð“ talmálsmynd af **gera**. Verið getur að þessi mynd hafi verið fyrirmynd að orðinu **gjörvi**. Í sömu bók má einnig finna sögnina **görva** með dánarkrossi sem samheiti við sögnina **gera**. Einnig má finna í bókinni forskeytið **gjörvi-** sem samheiti við **gervi-**. En þar sem ég er aðeins tölfræðingur er rétt að hætta sér ekki frekar út í orðmyndunarfræðina heldur láta afmælisbarninu það eftir.

Orðin **gjörvi** og **örgjörvi** hafa ratað inn í almennar orðabækur eftir 1983, t.d. þriðju útgáfu *Íslenskerar orðabókar* frá 2002. Í *Réttritunarorðabók handa grunnskólum* er orðið *gjörvi* en ekki *örgjörvi*.

Orðin **gjörvi** og **örgjörvi** má bæði finna að sjálfsgöðu í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* en eins og kunnugt er hefur Kristín unnið það mikla og þarfa verk. Þar má finna beygingu þessara orða.

¹ Tölvuorðasafn, 4. útg. (2005)

² Tölvuorðasafn, 4. útg. (2005)

Orði **örgjörvi** kemur þrisvar sinnum fyrir í textum *Íslenskrar orðtíðnibókar* en ekki orðið **gjörvi**. Hvorugt orðið kemur fyrir í *Íslenskeri samheitaorðabók* frá 1985.

Eins og þegar er getið komst orðið **gjörvi** fljótt í notkun. Mér hefur virst að flestir kjósi að nota það frekar en enska orðið *processor*. Leit á vefnum á íslenskum síðum sýnir að orðið *processor* komi helst fyrir þar sem kynnt eru tiltekin tæki og enskt heiti þeirra er ritað að fullu. Örgjörvar urðu mjög almennir stuttu eftir að fyrsta útgáfa *Tölvuorðasafnsins* kom út og þess vegna þekkja fleiri það orð. Mér hefur oft heyrst að sumir haldi að það orð hafi orðið til á undan orðinu **gjörvi**. Ég prófaði að leita í Textasafni *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* að nafnorðunum **gjörvi** og **örgjörvi**. Eitt dæmi fannst um nafnorðið **gjörvi** og er það úr pistli af *Vísindavefnum*. Hins vegar finnast 90 dæmi um orðið **örgjörvi** og eru þau af *Vísindavefnum*, úr *Morgunblaðinu* og úr ýmsum blogg færslum. Þetta styrkir þá skoðun að orðið **örgjörvi** sé mun algengara en orðið **gjörvi**.

Skömmu eftir að fyrsta útgáfa *Tölvuorðasafnsins* kom út varð ég vör við fyrirteki sem hét **Gjörvi**. Mig minnir að þetta fyrirtæki hafi verið einhvers staðar í austurbæ Reykjavíkur og að það hafi verið einhvers konar vélaverkstæði. Ég fann á vefsetrinu www.finna.is fyrirtækið *Gjörvi-vélaverkstæði ehf.* En það fyrirtæki finnst nú hvorki í símaskrá né í Fyrirtækjaskrá. Ég hef nú komist að því að fyrirtækið fór á hausinn og var afskráð árið 2004. Vonandi hefur nafnið ekki orðið því að falli. Forveri þessa fyrirtækis hét *Gjörvi ehf.* og var stofnað árið 1980. Það varð því til áður en orðanefndin kastaði fram orðinu **gjörvi**. Þessi tilvik voru því algerlega óháð en slíkt kemur oft fyrir.

En svo eru það matvinnsluvélarnar sem á ensku heita *food processors*. Nú man ég ekki hvenær þessi tæki bárust til Íslands en *Wikipedia* getur komið þar til hjálpar. Þar kemur í ljós að matvinnsluvélar eru frönsk uppfinning og komu á markað fyrir veitingahús upp úr 1960 og fyrir heimili um 1972. Ekki veit ég hvenær þessar gagnlegu vélar bárust til Íslands en rámar í umræður um hvað skyldi kalla þær á íslensku. Orðið **matvinnsluvél** virðist nú hafa orðið ofan á og það er merkilegt að engum skyldi detta í hug að kalla þær **matvinnslugjörva** eða jafnvel **matargjörva** eða aðeins **matgjörva**. Nú var ég svo stálheppin að fá í jólagjöf nýja svona vél frá franska fyrirtækinu *Magimix* sem setti þær fyrst á markað í Frakklandi og mun héðan í frá ekki kalla þessa fínu vél mína annað en **matgjörva**.

Ritaskrá

- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Ritstj. Kristín Bjarnadóttir. <http://bin.arnastofnun.is/>.
Íslensk samheitaorðabók. 1985. Ritstj. Svavar Sigmundsson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur Háskóla Íslands. Reykjavík.
Íslenskt orðabók handa skólum og almennungi. 1980. Ritstj. Árni Böðvarsson. 7. prentun. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
Íslensk orðtíðnibók. 1991. Ritstj. Jörgen Pind. Orðabók Háskólans. Reykjavík.

- Tölvumál*. Maí 1985. Fréttablað Skýrslutæknifélags Íslands. 5. tbl., 10. árg. Skýrslutæknifélag Íslands. Reykjavík.
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Textasafn*.
http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_textasafn.
- Tölvuorðasafn*. 1983. Íslenskt-enskt, enskt íslenskt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Tölvuorðasafn*. 2005. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt, 4. útgáfa aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstj. Stefán Briem. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Wikipedia*. The Free Encyclopedia: <http://en.wikipedia.org>.